

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Skorradalshreppi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar, áfangi 5 í landi Vatnsenda.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. apríl 2003 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar í landi Vatnsenda, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að lóð nr. 129 stækkar um 7,5 m til vesturs inn á lóð nr. 127.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Bleikulágarás í landi Indriðastaða.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 12. mars 2003 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Bleikulágarás í landi Indriðastaða, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að vegkaflinn frá Húsalæk og suður fyrir Bleikulágarás fær-ist til vesturs og nær Húsalæk. Við breytinguna færast vegurinn fjær núverandi frístunda-byggð en fyrirhugað er að tengja nýtt frístundasvæði við veginn.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingarnar.

Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Grund, 27. júní 2003.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

AUGLÝSING

um deiliskipulag spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal, Mosfellsbæ.

Á fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2003 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi spildu úr landi Hraðastaða í Mosfellsdal í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagstillagan nær til lands í landi Hraðastaða frá Þingvallavegi að sunnanverðu og vestan Helgadalsvegar. Alls er spildan 5,2 ha. Samkvæmt tillögunni, er gert ráð fyrir bygg-ingarreit fyrir íbúðarhúsi, bílgeymslu og hesthúsi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 30. júní 2003.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.